



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Dalabyggð  
Þórður Már Sigfússon  
skipulagsfulltrúi  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

6. apríl 2020  
MÍ202004-0025/ 6.10 / M.A.S.

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

## Efni: Skógrækt á lögbýlinu Hóli í Hvammssveit

Með tölvubréfi dagsettu 5. apríl 2020 óskaði Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi Dalabyggðar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tilvonandi 120 ha. skógrækt á lögbýlinu Hóli í Hvammssveit Engin fornleifaskráning fór fram við aðalskipulagsgerð Dalabyggðar, svo svæðið sem fer undir tilvonandi skógrækt hefur ekki verið skráð!

Í 15. grein, laga um menningarminjar nr. 80/2012, segir:

*Fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningu á tilteknu svæði telst ekki lokið fyrir en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands.*

Skráning landeiganda telst ekki fullnægjandi fornleifaskráning. Gerð er krafa um að minjar séu mældar upp á vettvangi og þær hnitsettar í ISN93. Vettvangsvinna felur í sér að fornleifafræðingur kanni umrætt svæði og gangi úr skugga um hvort fleiri minjar séu að finna en þær sem getið er um í rituðum gögnum. Fyrir skráningarmann er þá nauðsynlegt að vera í sambandi við staðkunnugra.

**Mjög líklegt er að minjar skaðist við skógrækt. Þar af leiðandi gerir Minjastofnun Íslands athugasemdir við að framkvæmdaleyfi verði veitt fyrir en fullnægjandi fornleifaskráning hafi farið fram!**

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður Vesturlands

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

**Magnús A Sigurðsson**  
Minjavörður  
magnus@minjastofnun.is